



Jafnréttisfulltrúar ráðuneyta

Skýrsla um störf jafnréttisfulltrúa 2011–2014

Efnisyfirlit

Jafnréttisfulltrúar	2
Starfsáætlun jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna 2011 til 2013	3
A. Samstarf jafnréttisfulltrúa:	3
1. Mánaðarlegir fundir jafnréttisfulltrúa	3
2. Fræðsluáætlun jafnréttisfulltrúa.....	5
B. Jafnréttisáætlanir ráðuneytanna:	6
3. Jafnréttisáætlanir ráðuneytanna	6
4. Jafnréttisáætlanir ráðuneytanna kynntar	7
5. Umsjón og eftirlit með framkvæmd jafnréttisáætlunar	7
6. Endurskoðun jafnréttisáætlunar Stjórnarráðsins við lok gildistíma hennar	10
C. Samstarf jafnréttisfulltrúa við yfirstjórn ráðuneytis:	10
7. Árlegur stöðufundur jafnréttisfulltrúa með yfirstjórn.....	10
8. Launamunur kvenna og karla	11
9. Jafnréttismat á lagafumvörpum	11
10. Skipanir í nefndir og ráð.....	12
11. Fræðsla um jafnréttismál til starfsmanna ráðuneyta.....	13
D. Samstarf jafnréttisfulltrúa við undirstofnanir:	13
12. Jafnréttisáætlanir undirstofnana.....	13
13. Mikilvægi þess að töluleg gögn séu kyngreind	14
14. Fræðsla til undirstofnana	14
E. Samstarf við Jafnréttisstofu:	14
15. Greinargerð jafnréttisfulltrúa til Jafnréttisstofu	14
16. Samráðsfundur með Jafnréttisstofu	15
F. Verkefni í framkvæmdaáætlun:	15
17. Eftirfylgni verkefna í framkvæmdaáætlun.....	15
G. Samþætting kynja og jafnréttissjónarmiða:	16
18. Áætlun um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða.....	16
Lokaorð	16

Í þessari skýrslu er greint frá störfum jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna og er hún byggð upp í samræmi við starfsáætlun sem hópurinn setti sér og var samþykkt á fundi jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna í iðnaðarráðuneytinu þann 9. júní 2011. Starfsáætlunin byggist á 13. grein laga nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, starfsreglum jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna, jafnréttisáætlun Stjórnarráðsins og framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum 2011–2014. Markmið starfsáætlunarinnar var að skýra hlutverk jafnréttisfulltrúa, skipuleggja og samhæfa starf þeirra auk þess að veita yfirsýn yfir þau verkefni sem eru á ábyrgð jafnréttisfulltrúa. Starfsáætlunin var unnin í samstarfi við Jafnréttisstofu en starfsmaður stofunnar hefur starfað með hópnum. Skýrsla þessi byggist á greinargerðum jafnréttisfulltrúa til Jafnréttisstofu sem skilað er árlega sem og fundargerðum samráðsfunda.

Jafnréttisfulltrúar

Jafnréttisfulltrúar starfa á grundvelli 13. greinar laga nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, en þar segir:

Í sérhverju ráðuneyti skal starfa jafnréttisfulltrúi sem hefur sérþekkingu á jafnréttismálum. Jafnréttisfulltrúi fjallar um og hefur eftirlit með jafnréttisstarfi á málefnasviði viðkomandi ráðuneytis og stofnana þess, þar á meðal skal hann vinna að kynjasamþættingu á málefnasviði ráðuneytisins. Jafnréttisfulltrúi skal árlega senda Jafnréttisstofu greinargerð um stöðu og þróun jafnréttismála á málefnasviði viðkomandi ráðuneytis.

Ráðuneytisstjóri skipar jafnréttisfulltrúa sem heyrir beint undir hann. Eftirfarandi aðilar voru jafnréttisfulltrúar á tímabilinu 2011–2014:

Fyrir sameiningu ráðuneyta árið 2013:

FOR: Hildur Jónsdóttir,

EVR: Ingibjörg Pálsdóttir,

FJR: Halldóra Friðjónsdóttir,

IDN: Sveinn Þorgrímsson,

IRR: Valgerður Guðmundsdóttir, María Rún Bjarnadóttir, Elín Rósa Finnbogadóttir,

MRN: Jóna Pálsdóttir,

SLR: Kristín Sigfúsdóttir,

UMH: Guðný Lára Ingadóttir,

UTN: Hermann Ingólfsson, Bryndís Kjartansdóttir, Jónas Haraldsson varamaður,

VEL: Laufey Helga Guðmundsdóttir.

Eftir sameiningu ráðuneyta árið 2013:

FOR: Hildur Jónsdóttir,

ARN: Hinrik Greipsson, Kristín Sigfúsdóttir varamaður,

FJR: Halldóra Friðjónsdóttir,

IRR: Elín Rósa Finnbogadóttir,

MRN: Jóna Pálsdóttir,

UAR: Danfríður Skarphéðinsdóttir, Þorsteinn Sæmundsson varamaður, Sigríður Svana Helgadóttir, Stefán Einarsson varamaður,

UTN: Bryndís Kjartansdóttir, Jónas Haraldsson varamaður, Ragnar G. Kristjánsson, Ingibjörg Rafnar Pétursdóttir varamaður, Jóhanna Bryndís Bjarnadóttir,

VEL: Laufey Helga Guðmundsdóttir, Unnur Ágústsdóttir.

Með jafnréttisfulltrúum starfar Hugrún R. Hjaltadóttir, sérfræðingur á Jafnréttisstofu, en Hjálmar Sigmarsson leysti hana af í fæðingarorlofi hluta úr ári 2012. Skapast hefur sú venja að starfsmaður Jafnréttisstofu haldi utan um samstarf jafnréttisfulltrúa, skipuleggi fundi, dagskrá þeirra og skrifi fundargerð. Sérþekking starfsmannsins á jafnréttismálum nýtist einnig vel inn í starf hópsins.

Í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, umhverfis- og auðlindaráðuneytinu og utanríkisráðuneytinu hafa verið skipaðir varamenn jafnréttisfulltrúa sem sækja sameiginlega fundi jafnréttisfulltrúa í fjarveru aðalmanna og eru upplýstir um öll þeirra störf. Það fyrirkomulag hefur gefið góða raun.

Með jafnréttisfulltrúum starfa einnig jafnréttisnefndir í ráðuneytunum en kveðið er á um þær í jafnréttisáætlun Stjórnarráðsins. Í árslok 2014 voru starfandi jafnréttisnefndir í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, fjármála- og efnahagsráðuneytinu, mennta- og menningarmálaráðuneytinu, utanríkisráðuneytinu og velferðarráðuneytinu. Þær hafa þó ólíkt umboð en eiga það sameiginlegt að starfa með jafnréttisfulltrúa að verkefnum hans. Varamenn jafnréttisfulltrúa, þar sem þeir eru, sitja í jafnréttisnefndinni. Innanríkisráðuneytið hefur valið að fara aðra leið en þar verður í framtíðinni unnið í teymi með ólíkum aðilum eftir því við hvaða verkefni er verið að vinna.

Starfsáætlun jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna 2011 til 2013

Í upphafi árs 2014 var ákveðið að starfsáætlun jafnréttisfulltrúa skyldi gilda út árið 2014 og ekki þótti tilefni til að endurskoða innihald hennar. Verkefnum starfsáætlunarinnar er skipt upp í fimm flokka og innan hvers flokks eru nokkur verkefni. Á hverju ári er svo ákveðið þema sem jafnréttisfulltrúar leggja áherslu á í vinnu sinni það ár. Þemun eru eftirfarandi:

2011: Skipanir í nefndir og ráð á vegum ráðuneytanna (15. gr. jafnréttislaga).

2012: Gögn hjá undirstofnunum greind eftir kyni (16. gr. jafnréttislaga).

2013: Jafnréttisáætlanir undirstofnana (18.–22. gr. jafnréttislaga).

A. Samstarf jafnréttisfulltrúa:

1. Mánaðarlegir fundir jafnréttisfulltrúa

Í samræmi við 11. grein starfsreglna halda jafnréttisfulltrúar mánaðarlega fundi. Á tímabilinu 2011 til 2014 voru haldnir 10 fundir á ári en ekki er fundað yfir hásumarið. Fundirnir voru undantekningarlaust vel sóttir. Starfsmaður Jafnréttisstofu hélt utan um fundarboð, skipulag dagskrár og ritaði fundargerð. Fundirnir voru haldnir til skiptis í

ráðuneytunum og var ýmist stjórnað af gestgjafa hverju sinni eða starfsmanni Jafnréttisstofu. Fastir fundartímar hafa verið fyrsta fimmtudag í mánuði kl. 10:30 til 12:00. Um áramótin 2014 var tíminn færður fram til kl. 10.

Jafnréttisfulltrúar nýttu fundi sína einnig til fræðslu og fengu kynningu á ýmsum verkefnum.

- Þann 10. febrúar 2011 kynnti Hermann Ingólfsson, jafnréttisfulltrúi utanríkisráðuneytisins, jafnréttisstarf ráðuneytisins en jafnréttisstarf er stór hluti af utanríkisstefnu Íslands og samþætt inn í daglega starfsemi margra deilda ráðuneytisins.
- Þann 3. mars 2011 kynnti Eygló Árnadóttir niðurstöður rannsóknar sinnar og Evu Bjarnadóttur sem ber titilinn Konur í kreppu. Rannsóknin var unnin á vegum Jafnréttisráðs og Velferðarvaktarinnar fyrir velferðarráðuneytið.
- Þann 6. desember 2012 kynnti Herdís Sólborg Haraldsdóttir tillögur að kynja- og jafnréttismati við gerð frumvarpa sem hún vann fyrir forsætisráðuneytið. Auk þess kynnti hún lokaverkefni sitt í opinberri stjórnýslu en það ber titilinn *Frá vöggu til leikskóla. Áhrif jafnréttisstefnu og opinberra stjórnþækja á foreldra ungra barna.*
- Þann 7. febrúar 2013 kynnti Halldóra Traustadóttir, starfsmaður í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, niðurstöður á kynjagreiningu aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum en verkefnið er hluti af innleiðingarferli kynjaðrar hagstjórnar og fjárlagagerðar.
- Þann 6. júní 2013 fjallaði Ingibjörg Elíasdóttir, lögfræðingur Jafnréttisstofu, um jafnréttisáætlanir stofnana ríkisins, innhald þeirra og hversu vel þeim tekst að uppfylla jafnréttislög.
- Þann 7. nóvember 2013 kom Rósa Guðrún Erlingsdóttir, starfsmaður aðgerðahóps um launajafnrétti í velferðarráðuneytinu, á fundinn og fjallaði um aðgerðaáætlun sem hópurinn á að hrinda í framkvæmd og samstarfsyfirlýsingu stjórnvalda við aðila vinnumarkaðarins.
- Þann 6. febrúar 2014 kynnti Katrín Anna Guðmundstóttir, starfsmaður í fjármála- og efnahagsráðuneytinu og verkefnastjóri um innleiðingu kynjaðrar hagstjórnar og fjárlagagerðar (KHF), starf verkefnahóps og verkefni starfsnema í ráðuneytinu sem fólst í því að flokka fjárlagaliði eftir því hversu líklegt sé að ráðstöfunin hafi áhrif á stöðu kynjanna.
- Þann 3. apríl 2014 kom Soffía Sigurgeirsdóttir, framkvæmdastjóri UN Women á Íslandi, og kynnti Jafnréttissáttmála UN Women og UN Global Compact (e. Women Empowerment Principles (WEP)). Sáttmálinn á að stuðla að jafnrétti á vinnumarkaði og skuldbinda fyrirtæki sig til að vinna markvisst að jafnréttismálum með því að skrifa undir sáttmálann.
- Þann 11. september 2014 komu þau Ingi Valur Jóhannsson og Rósa Guðrún

Erlingsdóttir, starfsmenn velferðarráðuneytisins, og ræddu aukið samstarf og nánara upplýsingastreymi milli þessara ólíku aðila sem vinna að jafnréttismálum innan Stjórnarráðsins.

- Þann 6. nóvember 2014 kom Bergljót Þrastardóttir, sérfræðingur á Jafnréttisstofu, á fund jafnréttisfulltrúa og kynnti nýjan bækling sem stofan gefur út. Bæklingurinn heitir *Jafnréttismat* og eru leiðbeiningar um gerð jafnréttismats við fjölbreyttar aðstæður. Á þann sama fund kom Guðríður Bolladóttir, starfsmaður velferðarráðuneytisins, og kynnti drög að nýrri framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum og Guðný Einarsdóttir, starfsmaður fjármála- og efnahagsráðuneytisins, til að ræða gerð nýrrar jafnréttisáætlunar Stjórnarráðsins.

2. Fræðsluáætlun jafnréttisfulltrúa

Jafnréttisfulltrúar settu sér fræðsluáætlun í samræmi við 7. gr. starfsreglna. Hún var samþykkt á fundi jafnréttisfulltrúa þann 3. maí 2013. Markmið fræðsluáætlunar er að gera jafnréttisfulltrúum kleift að afla sér sérþekkingar á sviði jafnréttismála. Fræðsluáætlunin skiptist í fjóra hluta:

- I. Formleg menntun í kynjafræðum.
- II. Sérþækt námskeið.
- III. Fyrirlestrar um jafnréttismál.
- IV. Ráðstefnur og fundir.

Á grundvelli þessarar áætlunar hafa jafnréttisfulltrúar getað tekið frá tíma til þess að sækja fyrirlestra um jafnréttismál sem og málþing og ráðstefnur. Haldin hafa verið tvö sérþæk námskeið. Einn jafnréttisfulltrúi, Jóna Pálsdóttir í mennta- og menningarmálaráðuneytinu, hefur lokið diplómaprófi í hagnýtri jafnréttisfræði á meistarastigi við Háskóla Íslands og Unnur Ágústsdóttir í velferðarráðuneytinu, hefur einnig skráð sig í nám sem hófst 2014. Of langt mál væri að telja upp þá fjölmörgu fyrirlesta, málþing og ráðstefnur sem jafnréttisfulltrúar hafa sótt en hér eru þó nefnd nokkur atriði:

- Þann 14. febrúar 2011 hélt Jafnréttisstofa námskeið með dr. Diane Elson, einum helsta sérfræðingi heims í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð.
- Þann 4. maí var dr. Elson aftur á landinu í fylgd annars sérfræðings á sviðinu, dr. Susan Himmelweit, og héldu þær saman námskeið en þar var sérstök áhersla lögð á tekjuhlið fjárlaga.
- Þann 22. nóvember 2011 hélt Reetta Siukola, stjórn málafræðingur og yfirmaður skrifstofu um málefni kynjajafnréttis í finnska félags- og heilbrigðisráðuneytinu, námskeið um innleiðingu kynjasambættingar þar í landi og hvað Ísland gæti lært af þeirra reynslu.
- Þann 9. mars 2012 tóku jafnréttisfulltrúar þátt í námskeiði sem Jafnréttisstofa skipulagði. Það var hugsað sem endurmenntunarnámskeið fyrir starfsfólk sem

starfar að jafnréttismálum. Dagskráin var mjög fjölbreytt þar sem fjallað var um valdatengsl í samfélaginu, hagnýtt jafnréttisstarf, kvennabaráttu, kynferðislegt ofbeldi, klámvæðingu, kynferðislega áreitni, menntun og jafnrétti, karla og jafnrétti, samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs og launamál.

- Þann 22. maí 2013 var haldinn fræðsludagur jafnréttisfulltrúa í Kríunesi. Jafnréttisfulltrúar buðu með sér einum til tveimur starfsmönnum úr hverju ráðuneyti en alls mættu 17 manns. Gyða Margrét Pétursdóttir, aðjúkt í kynjafræði við Háskóla Íslands, sá um fræðsluna og fjallaði um kynjafræðin í daglega lífinu; helstu hugtök og nálganir, kynjað uppeldi og menntun, staðalímyndir og áhrif þeirra, karlmennsku og kvenleika og tengdi þetta allt við störf jafnréttisfulltrúanna.
- Á haustmánuðum 2014 var ákveðið að jafnréttisfulltrúar myndu fara í kynnisferð til Brussel. Markmið ferðarinnar var að kynna sér það starf á sviði jafnréttismála sem fer fram í Brussel og gæti nýst jafnréttisfulltrúum og öðru stafsólki Stjórnarráðsins sem vinnur að jafnrétti kynja. Þær stofnanir sem áætlað var að heimsækja voru Sendiráð Íslands, EFTA-skrifstofan, framkvæmdastjórn ESB og European Women's Lobby. Sendiráð Íslands í Brussel tók vel í áhuga jafnréttisfulltrúa og skipulagði ferðina fyrir hópinn. Hún var þó ekki farin fyrr en í febrúar 2015 og því ekki fjallað um hana nánar hér.

B. Jafnréttisáætlanir ráðuneytanna:

3. Jafnréttisáætlanir ráðuneytanna

Þegar stafsáætlun jafnréttisfulltrúa var gerð voru jafnréttisáætlanir ráðuneytanna flestar að renna út og ný ráðuneyti höfðu orðið til. Nýbúið var að samþykkja jafnréttisáætlun fyrir Stjórnarráðið sem gerði ráð fyrir að öll ráðuneyti settu sér sína eigin áætlun. Við undirbúning þeirrar vinnu kom fram sú hugmynd að gott gæti verið að hafa eina sameiginlega áætlun en hvert ráðuneyti gæti sett sér framkvæmdaáætlun á grundvelli hennar. Til þess að það væri hægt yrði að endurskoða jafnréttisáætlun Stjórnarráðsins. Haldinn var sameiginlegur vinnufundur ráðuneytanna um jafnréttisáætlun þann 11. október 2011. Á þann fund voru boðaðir, auk jafnréttisfulltrúa og stafsmanns Jafnréttisstofu, nefndarmenn jafnréttisnefnda, starfsfólk sem sér um starfsmannamál ráðuneyta og annað áhugafólk um jafnréttismál sem starfar hjá ráðuneytum. Fundinn sóttu 36 manns og voru miklar umræður um stöðu mála og heppilegt framtíðarfyrirkomulag eftir hugarflugsstund. Í lok fundarins var valinn hópur til að halda vinnunni áfram. Talið var æskilegt að í hópinn yrði ekki valið úr hópi jafnréttisfulltrúa. Hópin skipuðu: Katrín Anna Guðmundsdóttir frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu, Þórhalla Rán Aðalgeirsdóttir frá efnahags- og viðskiptaráðuneytinu, Einar Hreinsson frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu og Helga Hauksdóttir frá utanríkisráðuneytinu. Þau skiluðu tillögu sinni að

jafnréttisáætlun til Hildar Jónsdóttur, sérfræðings Stjórnarráðsins í jafnrétti kynja. Jafnréttisáætlunin fór þá til yfirferðar hjá jafnréttisfulltrúum og í umsögn Jafnréttisstofu. Jafnréttisáætlunin var svo samþykkt á fundi ráðuneytisstjóra hinn 22. janúar 2013, nokkuð á eftir tímaáætlun starfsáætlunar. Gert er ráð fyrir endurskoðun áætlunarinnar eftir þrjú ár og gildir hún því til 1. mars 2016. Það getur þó verið gott að taka hana upp fyrr og nota hana til að innleiða þá vinnu sem Stjórnarráðið er búið að skuldbinda sig til þess að fara í við undirskrift sáttmála UN-Women og UN Global Compact.

Í Jafnréttisáætlun Stjórnarráðsins eru 23 verkefni. Þar er fjallað um launajafnrétti, laus störf og framgang í starfi, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun, samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs, kynbundna og kynferðislega áreitni, þátttöku í nefndum og ráðum, greiningu tölfræðiupplýsinga og kynjasambættingu auk þess sem fjallað er um hlutverk jafnréttisnefnda og greinargerð til Jafnréttisstofu. Nánar er fjallað um stöðu verkefna í kafla 5.

Í jafnréttisáætlun Stjórnarráðsins segir: „Hverju ráðuneyti er heimilt að setja sér sérstaka framkvæmdaáætlun á grundvelli jafnréttisáætlunar Stjórnarráðsins.“ Mennta- og menningarmálaráðuneytið og utanríkisráðuneytið hafa sett sér slíka áætlun.

4. Jafnréttisáætlanir ráðuneytanna kynntar

Eftir að jafnréttisáætlun Stjórnarráðsins var samþykkt var hún birt á innra neti allra ráðuneytanna auk heimasíðu forsætisráðuneytisins. Jafnréttisfulltrúar kynntu svo áætlunina hver í sínu ráðuneyti og notuðu sameiginlega slæðukynningu sem Jóna Pálsdóttir í mennta- og menningarmálaráðuneytinu og Hugrún R. Hjaltadóttir hjá Jafnréttisstofu undirbjuggu. Hugrún heimsótti einnig þá jafnréttisfulltrúa sem vildu fara yfir efnisatriði áætlunarinnar, tengslin við jafnréttislöggjöfina og fleiri atriði. Einnig sat hún kynningar með þeim jafnréttisfulltrúum sem þess óskuðu til þess að vera þeim til stuðnings ef einhverjar spurningar kæmu upp. Fundirnir voru allir vel sóttir og sköpuðust oft góðar umræður. Allir jafnréttisfulltrúar voru búnir að kynna áætlanirnar í sínum ráðuneytum fyrir árslok 2013.

5. Umsjón og eftirlit með framkvæmd jafnréttisáætlunar

Jafnréttisfulltrúi hefur umsjón og eftirlit með framkvæmd jafnréttisáætlunar í sínu ráðuneyti auk þess að tryggja að aðgerðir jafnréttisáætlunar Stjórnarráðsins séu í farvegi í samræmi við 4. gr. starfsreglna þeirra. Jafnréttisfulltrúar skila yfirliti yfir framkvæmd jafnréttisáætlunar til Jafnréttisstofu sem hluta af greinargerð jafnréttisfulltrúa sem skilað er árlega til stofunnar.

Í áætluninni eru 23 aðgerðir en jafnréttisfulltrúar vinna margar þeirra saman eða á sama tíma eftir því sem við á. Reynslan er svo rædd í hópnum og vandamál sem upp koma leyst í sameiningu. Önnur verkefni eru sérstaklega á forræði eins ráðuneytis og

upplýsir sá jafnréttisfulltrúi aðra um framgang þess auk þess sem útfærslur og ráð eru fengin úr hópnum verkefninu til stuðnings. Samráðsvettvangur jafnréttisfulltrúa gegnir því mikilvægu hlutverki og stuðlar að því að halda vinnunni við jafnréttisáætlun lifandi og gera verkefnið markvissari.

Yfirlit yfir stöðu verkefna í Jafnréttisáætlun Stjórnarráðsins eins og þau eru metin í greinargerð jafnréttisfulltrúa til Jafnréttisstofu eftir starfsárið 2014.

Merkingar:		Á áætlun <input type="checkbox"/> Hinkrað eftir öðrum <input type="checkbox"/> Í undirbúningi <input type="checkbox"/> Er ekki hafið <input type="checkbox"/>
Nr.	Staða	Athugasemdir:
1	☒ ☐ ☒ ☐	Jafnlaunaúttekt er gerð í nóvember ár hvert miðað við laun í október: FOR, ANR, FJR, IRR, MRN, UAR, UTN, VEL.
2	☐ ☒ ☐ ☐	Samanburður milli ráðuneyta. Verkefni sem unnið er undir stjórn FJR en unnið er að samræmingu gagna og á samanburði milli ráðuneyta að ljúka í júní.
3	☒ ☐ ☐ ☐	Jafn aðgangur að störfum við nýráðningar: Verklagi er fylgt: FOR, ANR, FJR, IRR, MRN, UAR, UTN, VEL.
4	☐ ☒ ☐ ☐	Yfirlit um störf í ráðuneytunum eftir kyni: FOR, ANR, FJR, IRR, MRN, UAR, UTN, VEL.
5	☒ ☐ ☒ ☐	Kynjablandaður vinnustaður, ráða skal einstakling af því kyni sem á hallar: ANR, FJR, IRR, MRN, UAR, UTN, VEL. Hefur ekki auglýst starf 2014: FOR.
6	☒ ☐ ☐ ☐	Kynjagreint bókhald yfir þátttöku starfsfólks í námskeiðum: ANR, FJR, IRR, MRN, UAR, UTN, VEL.
7	☐ ☐ ☐ ☒	Framgangur í starfi: Þetta verkefni hefur reynst torvelt því ekkert formlegt framgangskerfi er í Stjórnarráðinu. Endurskoðunar er þörf.
8	☒ ☐ ☒ ☐	Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs, sveigjanlegur vinnutími: FOR, FJR, IRR, MRN, UAR, UTN, VEL. Verkefni í undirbúningi: ANR.

9	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Hvatning til fedra um að nýta fæðingarorlofsrétt og veikindadaga barna: FOR, ANR, FJR, IRR, MRN, UAR, UTN, VEL.
10	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Fara skal yfir fjölda yfirvinnustunda og gera kyngreint yfirlit yfir þær: ANR, FJR, IRR, MRN, UTN, VEL. Ekki hafið: UAR.
11	<input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Verklagsreglur um kynferðislega áreitni: Verkefnið er á ábyrgð VEL. Þar er búið að vinna verklagsreglur sem verið er að prófa innanhúss áður en þær verða kynntar öðrum. Auk þess sem beðið er eftir breytingum á lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerð sem mun fylgja.
12	<input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Fræðsla um kynferðislega áreitni: Beðið eftir verklagsreglum frá VEL.
13	<input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Námskeið fyrir fólk sem vinna á eftir verklagsreglum: Beðið eftir verklagsreglum frá VEL.
14	<input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Leiðarljós til að skapa vinnuumhverfi sem er laust við áreitni: Beðið eftir verklagsreglum frá VEL.
15	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Átaksverkefni til að vinna gegn neikvæðum staðalímyndum: Á árinu 2013 var undirbúin sameiginleg fræðsla til starfsfólks ráðuneytanna sem fara átti fram árið 2014.
16	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Verklag um skipanir í nefndir, ráð og stjórnir á grundvelli 15. gr. laga nr. 10/2008: FOR, ANR, FJR, IRR, MRN, UAR, UTN, VEL.
17	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Fela skal sérstökum aðila innan hvers ráðuneytis að taka við tilnefningum í allar nefndir og ráð á vegum ráðuneytisins: ANR, IRR, MRN, UAR, UTN, VEL. Er að fara yfir verklag: FJR. Ekki með verklag: FOR.
18	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Sjá skal til þess að þau sem tilnefna fylgi ákvæði 15. gr. jafnréttislaga: ANR, IRR, MRN, UAR, UTN, VEL Er að fara yfir verklag: FJR. Ekki með verklag: FOR.

19	<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Greining tölfræðiupplýsinga eftir kyni: Þetta verkefni er misvel stutt hjá ráðuneytunum og þarfnast yfirferðar.
20	<input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Fræðsla um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða: Verkefnið er hluti af stærra verkefni í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum (nr. 3) sem ekki er hafið. Verkefnið er á ábyrgð FOR og VEL.
21	<input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Áætlun um hvernig samþætta eigi kynja- og jafnréttissjónarmið við stefnumótun og áætlanagerð á málefnasviði ráðuneyta: Verkefni hluti af stærra verkefni í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum (nr. 3) sem ekki er hafið. Verkefnið er á ábyrgð FOR og VEL.
22	<input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Ráðuneyti vinni tvö kynjasamþættingarverkefni á ári: Verkefnið er hluti af stærra verkefni í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum (nr. 3) sem ekki er hafið. Verkefnið er á ábyrgð FOR og VEL.
23	<input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Jafnréttismat á frumvörpum: Þessu verkefni er stýrt úr FOR og er meginmálaflokkur ráðuneytisins í innleiðingu kynjaðrar hagstjórnar og fjárlagagerðar. Leiðbeiningar eru tilbúnar en handbók um frumvarpgerð er ekki komin út.

6. Endurskoðun jafnréttisáætlunar Stjórnarráðsins við lok gildistíma hennar

Jafnréttisáætlun sem nú er í gildi var samþykkt á fundi ráðuneytisstjóra hinn 22. janúar 2013 og gildir í þrjú ár, frá 1. mars. Endurskoðun ætti því að hefjast árið 2015.

Í ljósi þess að þann 27. maí 2014 var undirrituð viljayfirlýsing um að innleiða Jafnréttissáttmála UN-Women og UN Global Compact þarf þó að endurskoða jafnréttisáætlunina í samræmi við markmið sáttmálans. Undirbúningur að þeirri vinnu er þegar hafinn.

C. Samstarf jafnréttisfulltrúa við yfirstjórn ráðuneytis:

7. Árlegur stöðufundur jafnréttisfulltrúa með yfirstjórn

Í samræmi við 16. gr. starfsreglna var haldinn árlegur stöðufundur jafnréttisfulltrúa og yfirstjórnar ráðuneytis en á slíkum fundi skal ræða verkefni jafnréttisfulltrúa, stöðu verkefna í jafnréttisáætlun og framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum. Auk þess skal ræða kynbundinn launamun, skipanir í nefndir og ráð, kynjahlutfall á vinnustað og stöðu jafnréttisfulltrúa. Einnig skal ræða greinargerð til Jafnréttisstofu. Á grundvelli þessa fundar skal meta hvort þörf sé á fleiri fundum.

Í hverju ráðuneyti hefur verið haldinn árlegur fundur, yfirleitt á tímabilinu janúar til mars. Oft er fundurinn haldinn í tengslum við gerð greinargerðar til Jafnréttisstofu og innihald hennar rætt. Í sumum ráðuneytum hefur verið fundað örar en þá um ákveðin verkefni í hvert skipti. Þessir stöðufundir eru mjög mikilvægir þar sem jafnréttisfulltrúi heyrir beint undir ráðuneytisstjóra og þarf stuðning hans til þess að geta sinnt starfi sínu.

8. Launamunur kvenna og karla

Í jafnréttisáætlun Stjórnarráðsins sem var samþykkt í nóvember 2010 var kveðið á um að jafnréttisfulltrúar ráðuneyta skuli ár hvert óska eftir upplýsingum um „hvort til staðar sé kynbundinn launamunur í viðkomandi ráðuneyti og ef svo er, hvernig yfirstjórn hyggst jafna hlut kynjanna“. Í fjármála- og efnahagsráðuneytinu var þessari kröfu mætt með því að fara í svokallaða jafnlaunaúttekt sem er í reynd greining og samanburður á launum starfsmanna. Úttektin var svo kynnt á fundi skrifstofustjóra rekstrarsviða og þar var samþykkt að nýta þessa aðferðafræði við mat á kynbundnum launamun innan allra ráðuneyta.

Í leiðbeiningum sem fjármála- og efnahagsráðuneytið útbjó í framhaldinu er ferlinu við launagreiningu lýst og einnig þeim breytum sem þarf að horfa til þegar verið er að meta mun á launum einstaklinga eða hópa sem gegna sambærilegum störfum innan hvers ráðuneytis. Tilgangur jafnlaunaúttektar er að greina, leiðrétta og koma í veg fyrir ómálefnalegan launamun milli karla og kvenna. Niðurstöðurnar geta jafnframt orðið til þess að skýra betur málefnalegan mun á launum, s.s. vegna vinnuframlags, menntunar eða annarra þátta. Ábyrgðaraðilar launaúttektar eru ráðuneytisstjóri, jafnréttisfulltrúi viðkomandi ráðuneytis og skrifstofustjóri rekstrarsviðs. Sá síðasttaldi ber ábyrgð á framkvæmdinni, þ.e. öflun gagna og úrvinnslu þeirra. Ábyrgðaraðilar þurfa að fara sameiginlega yfir niðurstöðurnar og bera jafnframt ábyrgð á að gripið sé til ráðstafana komi í ljós kynbundinn launamunur.

Fyrstu jafnlaunaúttektirnar voru framkvæmdar haustið 2011 og langflest ráðuneyti hafa nú farið í gegnum þetta ferli fjórum sinnum. Samkvæmt niðurstöðunum er kynjunum ekki mismunað í launum en þó hefur í einhverjum tilvikum verið talin ástæða til að leiðrétta laun einstakra starfsmanna. Þá hafa a.m.k. tvö ráðuneyti ákveðið að hækka laun ákveðinna starfshópa (ritara og afgreiðslufulltrúa) sem þóttu óeðlilega lág í samanburði við aðra hópa innan sama ráðuneytis.

9. Jafnréttismat á lagafumvörpum

Í verkefnislýsingu þessa verkefnis kemur fram að gera eigi jafnréttismat á fumvörpum skv. 13. gr. starfsreglna jafnréttisfulltrúa. Þegar þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar var lögð fram haustið 2011 áttu jafnréttisfulltrúar að gera tillögu til ráðuneytisstjóra um

frumvörp sem þætti eðlilegt að færu í slíkt mat. Fallið var frá þessari nálgun á verkefninu þegar þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar lá fyrir vegna þess að það þótti of seint að meta jafnréttisáhrif frumvarps þegar því væri full lokið. Matið yrði að koma fyrir inn í ferlið svo hægt yrði að taka tillit til niðurstaðna þess við endanlega gerð frumvarps.

Um svipað leyti var forsætisráðuneytið að velja sér meginmálaflokk í samræmi við innleiðingaráætlun kynjaðrar hagstjórnar og fjárlagagerðar. Var ákveðið að greining á fjárhagsáhrifum lagafrumvarpa á kynjajafnrétti yrði meginmálaflokkur ráðuneytisins. Þar var einnig í undirbúningi endurskoðun á *Handbók um undirbúning og frágang lagafrumvarpa* og ákveðið að jafnréttismatið ætti heima inni þeirri handbók ásamt viðmiðum og sjónarmiðum sem vera skulu til grundvallar matinu. Samhliða átti að útbúa kennslu- og kynningarefni sem miðar að því að þjálfa þá starfsmenn ráðuneyta sem koma að samningu lagafrumvarpa í mati á kynjaáhrifum sem og starfsmenn lagaskrifstofu forsætisráðuneytisins. Árið 2012 var fenginn nemi í opinberri stjórnsýslu við Háskóla Íslands til þess að vinna skýrslu um viðfangsefnið auk þess að leggja fram drög að jafnréttismati. Jafnréttisfulltrúar fengu kynningu á drögum að jafnréttismatinu á fundi sínum þann 6. desember 2012 og voru þeir sammála um að vel hefði tekist til.

Þegar þessi skýrsla er rituð er handbókin enn óútkomin og verkefnið því strand. Jafnréttisfulltrúar hafa spurt um afdrif verkefnisins en útgáfa handbókarinnar virðist stranda á öðrum þáttum en jafnréttismatinu.

10. Skipanir í nefndir og ráð

Jafnréttisfulltrúar skipulögðu í sameiningu átak um skipun kvenna og karla í nefndir og ráð á vegum ráðuneytanna til að framfylgja 15. grein jafnréttislaga og í samræmi við aðgerð 12 í jafnréttisáætlun Stjórnarráðsins. Verkefnið var þemaverkefni ársins 2011 og vann hver jafnréttisfulltrúi verkefnið í sínu ráðuneyti. Í flestum ráðuneytum er komið skýrt verklag um hvernig skuli skipa og skrá nýjar nefndir. Það verklag sem hefur reynst best er að senda staðlað bréf þegar óskað er tilnefninga og að einn starfsmaður í ráðuneytinu sjái um að halda utan um skipunarbréf og skrá nýjar nefndir inn í kerfi ráðuneytisins. Sá starfsmaður virkar þá sem öryggisventill ef nefnd er ekki skipuð í samræmi við 15. gr. laga nr. 10/2008 og sömuleiðis er þá ljóst frá upphafi hvort skipun nefndarinnar samræmist undanþáguskilyrðum laganna. Þegar nefndir eru skráðar af einum aðila hefur einnig reynst auðvelt að kalla eftir gögnum um nefndir, ráð og stjórnir sem ber að skila árlega til Jafnréttisstofu í greinargerð. Mikill tími hefur farið hjá jafnréttisfulltrúunum í að koma á þessu verklagi sem og að minna á að það sé notað. Þetta hefur þó borgað sig því hlutur kynjanna í nefndum hefur jafnast auk þess sem fleiri nefndir eru skipaðar í samræmi við 15. gr. og án undanþágu.

Í sumum ráðuneytum hefur reynst erfitt að koma á skýrum verkferlum og þar hefur

einnig verið erfitt að fá yfirlit yfir nefndir sem starfa í ráðuneytinu.

Nánar má lesa um þetta í Skýrslu Jafnréttisstofu um nefndir, ráð og stjórnir 2011 og 2012 http://jafnretti.is/D10/_Files/nefndaskýrsla2012.pdf, Skýrslu Jafnréttisstofu um nefndir, ráð og stjórnir 2013 http://jafnretti.is/D10/_Files/nefndir2013.pdf og Skýrslu Jafnréttisstofu um nefndir, ráð og stjórnir 2014 http://jafnretti.is/D10/_Files/nefndir2014.pdf.

11. Fræðsla um jafnréttismál til starfsmanna ráðuneyta

Í samræmi við aðgerð 14 í jafnréttisáætlun Stjórnarráðsins og 5. gr. starfsreglna ætti hver jafnréttisfulltrúi að skipuleggja einn fræðslufund á ári.

Flest ráðuneytin héldu almenna kynningu á kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð á árunum 2012 og 2013. Í sumum tilfellum var eingöngu fjallað um hugtakið sjálft og hvernig verkefninu er stýrt úr fjármála- og efnahagsráðuneytinu en í öðrum tilfellum voru einnig kynnt verkefnin sem unnin eru á vegum ráðuneytanna sjálfra. Auk þessa hafa ráðuneytin flest kynnt niðurstöður jafnlaunaúttektar fyrir starfsmönnum.

Ár árinu 2012 hélt fjármála- og efnahagsráðuneytið sérstakan jafnréttisdag þann 9. mars þar sem jafnlaunaúttekt ráðuneytisins var kynnt auk þess sem Gyða Margrét Pétursdóttir kynjafræðingur hélt erindi. Þann 15. nóvember sama ár flutti Hugu R. Hjaltadóttir, starfsmaður Jafnréttisstofu, erindi um samþættingu kynjasjónarmiða og aðrar skyldur stjórnsýslunnar sem jafnréttislög kveða á um.

Undir lok árs 2013 var ákveðið að fara í sameiginlegt fræðsluverkefni um staðalmyndir kynjanna á grundvelli verkefnis 15 í jafnréttisáætlun Stjórnarráðsins. Fræðslan fór fram í ráðuneytum árið 2014.

D. Samstarf jafnréttisfulltrúa við undirstofnanir:

12. Jafnréttisáætlanir undirstofnana

Einu sinni á ári kallar jafnréttisfulltrúi eftir jafnréttisáætlunum stofnana ráðuneytisins í samræmi við 8. gr. starfsreglna. Árið 2013 var þetta þemaverkefni ársins og jafnréttisfulltrúar kölluðu eftir jafnréttisáætlunum allra stofnana með fleiri en 25 starfsmenn og báðu um upplýsingar um framvindu þeirra.

Á svipuðum tíma hafði Jafnréttisstofa kallað eftir sömu upplýsingum sem hluta af sínu reglubundna eftirliti með jafnréttisáætlunum. Því var ákveðið að vinna þetta verkefni í samvinnu og tók Jafnréttisstofa við öllum jafnréttisáætlunum, fór yfir þær og skilaði umsögn auk þess sem þær stofnanir sem ekki voru með áætlun fengu leiðsögn um gerð hennar. Jafnréttisfulltrúar voru upplýstir um framvindu mála.

Í minnisblaði Jafnréttisstofu til jafnréttisfulltrúa frá júní 2013 kemur fram að Jafnréttisstofa óskaði eftir því að fá afhentar jafnréttisáætlanir opinberra stofnana síðla árs 2012. Bréf voru send til 87 stofnana. Í ljós kom að lögin áttu ekki við sex stofnanir af þeim sem fengu bréf. Af þeim stofnunum (81) sem eftir stóðu þá uppfylltu jafnréttisáætlanir 25 stofnana lágmarkskröfur jafnréttislaga en áætlanir 42 stofnana uppfylltu ekki lágmarkskröfur. Fimm stofnanir fengu frest til að skila áætlunum. Níu stofnanir svöruðu Jafnréttisstofu engu, þrátt fyrir ítrekun. Jafnréttisstofa sendi í framhaldi þeim stofnunum bréf með áréttingu um að afhenda jafnréttisáætlanir hið fyrsta, ella gæti komið til dagsekta skv. 5. mgr. 18. gr. jafnréttislaga. Mikil vinna liggur því að baki þessa verkefnis og mikilvægt fyrir Jafnréttisstofu að hafa stuðning frá jafnréttisfulltrúum í þessari vinnu.

13. Mikilvægi þess að töluleg gögn séu kyngreind

Jafnréttisfulltrúar sendu sameiginlegt bréf til undirstofnana þar sem þær eru hvattar til að tryggja að öll gögn sem þær safna og skrá séu kyngreind í samræmi við 16. gr. jafnréttislaga og 14. gr. starfsreglna. Þetta verkefni var þemaverkefni ársins 2012. Jafnréttisfulltrúar skipulögðu hvernig ætti að standa að verkefninu og skrifuðu drög að bréfinu á sameiginlegum fundi sínum og luku vinnunni í gegnum tölvupóst. Hver jafnréttisfulltrúi sendi svo bréfið úr sínu ráðuneyti. Í sumum tilfellum skrifuðu bæði jafnréttisfulltrúi og ráðuneytisstjóri undir bréfið til þess að gefa því meira vægi.

Í kjölfar bréfaskriftanna opnaðist umræða um hvað felist í því að kyngreina tölfræðigögn og hversvegna það sé mikilvægt. Meðal annars má nefna að sérstaklega var fjallað um þetta á sameiginlegum fundi forstöðumanna undirstofnana velferðarráðuneytisins þar sem starfsmaður Jafnréttisstofu og jafnréttisfulltrúi ráðuneytisins fóru stuttlega yfir málin og sköpuðust góðar umræður í hópnum sem leiddu til aukins skilnings á mikilvægi kyngreindra gagna.

14. Fræðsla til undirstofnana

Hver jafnréttisfulltrúi skipuleggur einn fund um jafnréttisfræðslu fyrir undirstofnanir. Jafnréttisfulltrúi skal vera í reglulegu sambandi við tengiliði jafnréttismála hjá stofnunum. Samkvæmt greinargerðum jafnréttisfulltrúa hafa allir jafnréttisfulltrúar nema forsætisráðuneytisins komið sér upp góðu tengslaneti við undirstofnanir sem notað er til þess að koma upplýsingum á framfæri og kalla eftir upplýsingum. Það hefur ekki unnist tími til að skipuleggja sérstaka jafnréttisfræðslu fyrir undirstofnanir.

E. Samstarf við Jafnréttisstofu:

15. Greinargerð jafnréttisfulltrúa til Jafnréttisstofu

Greinargerð jafnréttisfulltrúa til Jafnréttisstofu skal skila fyrir hvert starfsár í samræmi við 13. gr. jafnréttislaga og 9. gr. starfsreglna. Dagsetning skiladags hefur verið ákveðin í desember ár hvert í samráði við jafnréttisfulltrúa og Jafnréttisstofu og hefur

hann verið í mars. Hér skal tekið fram að ekkert ráðuneyti skilaði greinargerð sinni fyrir árið 2013 á umsömdum tíma. Skil jafnréttisfulltrúa á gögnum til Jafnréttisstofu geta dregist verulega og dæmi eru um að gögnum sé ekki skilað eða að þau berist allt að ári of seint. Aðalástæða þess er að jafnréttisfulltrúum er ekki gefið svigrúm í sínu starfi til að ljúka verkefninu á tilsettum tíma og er greinargerðin látin víkja fyrir öðrum verkefnum.

Þetta kemur sérstaklega niður á eftirliti Jafnréttisstofu með skipunum í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ráðuneytanna. Oft er liðinn langur tími frá því að nefnd var skipuð þar til upplýsingar um hana berast og ljóst að of seint er að gera breytingar á nefnd sem þegar hún hefur lokið störfum.

16. Samráðsfundur með Jafnréttisstofu

Jafnréttisstofa skipuleggur einn samráðsfund með jafnréttisfulltrúum ár hvert í samræmi við 7. gr. starfsreglna. Fundirnir hafa verið sambland af fræðslu- og kynningarfundum auk þess sem fólk hefur fengið tækifæri til að kynnst betur. Jafnréttisstofa hefur kynnt starfsemi sína og helstu verkefni, jafnréttisfulltrúar kynna störf sín og jafnréttisverkefni ráðuneytanna. Þá hafa utanaðkomandi aðilar verið fengnir til að vera með fræðslu.

- Þann 4. júní 2012 var sérstök áhersla á kynjaða hagstjórn og fjárlagagerð (KHF) þar sem Halldóra Friðjónsdóttir, jafnréttisfulltrúi og formaður starfshóps um innleiðingu KHF, kynnti starf hópsins og Andrea Hjálmsdóttir, starfsmaður Rannsóknarseturs Háskólans á Akureyri, kynnti áhrif Héðinsfjarðarganga á stöðu karla og kvenna en það verkefni er eitt af verkefnum velferðarráðuneytisins í KHF.
- Þann 9. september 2013 fjallaði Ingibjörg Elíasdóttir, lögfræðingur Jafnréttisstofu, um mismununartilskipanir ESB og fyrirhugaðar breytingar á stjórnýslu jafnréttismála. Finnur Friðriksson, dósent við hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri, flutti erindið „Kynlegir málfarskvistir“ en þar fjallaði hann um málfarsvenjur karla og kvenna og hvort munurinn væri í raun jafn mikill og stundum virðist vera.

F. Verkefni í framkvæmdaáætlun:

17. Eftirfylgni verkefna í framkvæmdaáætlun

Jafnréttisfulltrúar halda utan um og fylgja eftir þeim verkefnum sem heyra undir þeirra ráðuneyti og fram koma í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum í samræmi við 10. gr. starfsreglna. Ráðherranefnd um jafnrétti kynja kallaði eftir upplýsingum um framgang verkefna í framkvæmdaáætlun frá jafnréttisfulltrúa á fyrsta starfsári áætlunarinnar árið 2012 til að fylgjast með framvindu starfsins.

Jafnréttisfulltrúar gera Jafnréttisstofu einnig grein fyrir stöðu verkefna í

framkvæmdaáætlun í árlegri greinargerð sinni til Jafnréttisstofu en hún tekur saman svör ráðuneytanna sem birt eru í skýrslu ráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála samkvæmt 10. gr. jafnréttislaga. Síðasta skýrsla kom út í október 2013 og var lögð fyrir Jafnréttisþing það ár. Hana má finna hér:

http://www.velferdarraduneyti.is/media/Rit_2013/Jafnrettisskyrsla_2013.pdf

Næsta skýrsla verður unnin fyrir Jafnréttisþing 2015.

G. Samþætting kynja og jafnréttissjónarmiða:

18. Áætlun um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða

Jafnréttisfulltrúar taka þátt í að móta heildstæða áætlun um samþættingu kynja og jafnréttissjónarmiða í samræmi við 13. gr. jafnréttislaga og 6. gr. starfsreglna. Vinna að kynjasamþættingu verður skipulögð á grundvelli framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum.

Vinna að þessu verkefni hefur ekki verið hafin. Ábyrgð verkefnisins er hjá forsætisráðuneytinu og velferðarráðuneytinu en áætlað var að verkefnið yrði unnið á árunum 2011 til 2013.

Í skýrslu félags- og húsnæðismálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála árið 2013 sem gefin var út í október 2013 og lögð fyrir Jafnréttisþing það ár segir: „Ekki hefur enn verið ráðist með heildstæðum hætti í gerð áætlunar um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í þeim verkefnisþáttum sem gerð er grein fyrir [...] Við upphaf gildistíma framkvæmdaáætlunarinnar var talið mikilvægt að verkefni um kynjaða hagstjórn og fjárlagagerð, sem í eðli sínu er samþættingarverkefni, hefði ákveðinn forgang í innleiðingarferlinu og að reynsla úr því verkefni myndi nýtast við að koma af stað almennu samþættingarverkefni eins og lýst er hér.“

Hér skal tekið fram að gildistími framkvæmdaáætlunar er til ársloka 2014 og er því lokið. Því verður að teljast ólíklegt að þetta verkefni fari af stað.

Lokaorð

Að lokum er vert að rifja upp að gerðar voru breytingar á hlutverki jafnréttisfulltrúa með tilkomu nýju jafnréttislaganna árið 2008 en þá kom inn krafa um sérþekkingu á málaflokknum og lögð áhersla á kynjasamþættingu í starfi þeirra. Í 17. grein laga nr. 10/2008 kemur fram skýr skylda ráðuneyta til að samþætta jafnréttis- og kynjasjónarmið í allri stefnumótun, áætlanagerð og ákvarðanatöku á þeirra vegum sem og þeirra opinberu stofnana sem starfa á málavíði þeirra. Hlutverk jafnréttisfulltrúa innan ráðuneyta á því að vera mjög viðtækt samkvæmt jafnréttislögum.

Á þeim tíma sem nú er liðinn frá lagabreytingunni hefur hlutverk jafnréttisfulltrúa skýrst og starf þeirra verið skipulagt og er nú komið í góðan farveg. Þó sinna þeir ekki samþættingu

kynja- og jafnréttissjónarmiða eins og gert er ráð fyrir í löggjöfni. Jafnréttisfulltrúar gegna allir öðrum störfum í ráðuneytunum samhliða hlutverki jafnréttisfulltrúa. Til skamms tíma var jafnréttisfulltrúinn í forsætisráðuneytinu einnig sérfræðingur Stjórnarráðsins í jafnrétti kynja en sú staða hefur verið lögð niður. Það hefur margsinnis komið fram í umræðum jafnréttisfulltrúa að svigrúm og þekking til að sinna hlutverki jafnréttisfulltrúa sé ekki eins mikið og þyrfti að vera til þess að starfið skili raunverulegum árangri og verði í samræmi við skyldur jafnréttis laga um kynjasambættingu.

Fjármagn sem átti að fylgja lagabreytingunni hefur ekki komið inn í starfið. Í Fjárlögum 2008 sem unnin voru samhliða lagabreytingunni árið 2008 voru 32 m.kr. sem ráðstafa átti til þess að ráða til starfa jafnréttisfulltrúa í öll ráðuneyti. Þetta má sjá í fjárlögum fyrir árið 2008, *Fjármálaráðuneyti 09-999, Ýmislegt 1.23, Jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna.*

Þegar efnahagskreppan skall á í október 2008 var búið að ráða einn jafnréttisfulltrúa til starfa (í þáverandi félagsmálaráðuneyti, en starf hans var svo flutt í forsætisráðuneytið) auk þess sem menntamálaráðuneytið réð jafnréttisráðgjafa í hálfvart starf á grundvelli 23. greinar laga nr. 10/2008 en sá ráðgjafi er jafnframt jafnréttisfulltrúi. Sérstök fjárveiting til að ráða jafnréttisfulltrúa til starfa í ráðuneytunum var felld út úr fjárlögum árisins 2009. Í breytingartillögu ríkisstjórnarinnar þar sem þessi breyting er lögð til (136. löggjafarþing 2008–2009. Þskj. 337 – 1. mál) er þó ekki gert ráð fyrir því að verkefni jafnréttisfulltrúa falli niður heldur að verkefni verði fjármögnuð af núverandi fjárheimildum ráðuneytanna. Orðrätt stendur á síðu 114:

09-999 Ýmislegt

-33,4

1.23 Jafnréttisfulltrúar ráðuneyta

*Fallið frá óhöfnu verkefni
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn*

Vegna niðurskurðar í ríkisfjármálum er lagt til að fjárveitingar til þess að ráða jafnréttisfulltrúa að fjárhæð 33,4 m.kr. falli niður, en verkefni verði fjármögnuð af núverandi fjárheimildum hlutaðeigandi ráðuneyta.

Þó svo að ekki hafi verið ráðnir sérstakir jafnréttisfulltrúar til starfa í ráðuneytin hefur verið reynt að velja í hlutverkið starfsfólk sem hefur sérþekkingu á málaflokknum auk þess sem fólk sem vinnur að jafnréttismálum á málavíði ráðuneytisins hefur valist í hlutverk jafnréttisfulltrúa. Það er góð þróun og í samræmi við ákvæði laga. Þetta hefur leitt til þess að í hópi jafnréttisfulltrúa er mun meiri sérþekking á sviði jafnréttismála nú en áður var. Þar fyrir utan ræða jafnréttisfulltrúar í auknum mæli jafnréttismál almennt innan Stjórnarráðsins og upplýsingaflæði og tengslamyndun er meiri. Jafnréttisfulltrúar telja þó að aukið samstarf þurfi að vera á milli þeirra og starfsfólks velferðarráðuneytisins sem vinnur með málaflokkinn.

Á fundi jafnréttisfulltrúa þann 9. janúar 2014 var ákveðið að framlengja starfsáætlun jafnréttisfulltrúa um eitt ár og halda áfram því markvissa starfi sem hópurinn er búinn að koma á fót.